

30. ágúst 1972.

229

Nr. 90.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna breyttra viðhorfa við gildistöku reglugerðar nr. 189 14. júlí 1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem hún er afmörkuð 50 sjómílum utan við grunnlínu frá 1. september n. k., beri brýna nauðsyn til að skipa veiðiheimildum íslenskra skipa með öðrum hætti en leiðir af ákvæðum núgildandi laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Í stað orðanna: „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

#### 2. gr.

Á eftir orðunum „með reglugerð“ í 1. málslíð 2. gr. laganna komi orðin: til viðbótar svæðum samkvæmt heimildum í einstökum staflíðum greinarinnar.

#### 3. gr.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26 skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. ágúst 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*